

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Rangárþingi eystra.

Ráðagerði, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 14. mars 2019 deiliskipulagstillögu fyrir Ráðagerði. Tillagan tekur til 8 frístundahúsalóða, þar sem heimilt verður að byggja frístundahús ásamt geymslu og gestahúsi. Innan svæðisins er malarnám á vegum Vegagerðarinnar sem nú hefur verið aflagt. Gert er ráð fyrir því að umbreyta gömlu malarnámunum og búa til eina samfellda tjörn. Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Borgareyrar, deiliskipulag.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkti þann 9. maí 2019 deiliskipulagstillögu fyrir Borgareyrar. Tillagan tekur til tveggja nýrra byggingarreita, B1 og B2. Á B1 verður heimilt að reisa níu gistihús, hvert um sig allt að 30 m² að stærð. Á B2 verður heimilt að reisa tvö gistihús, allt að 30 m² að stærð. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 7. júní 2019.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,

Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2019